

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Straumnes, minningarsjóð.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Straumnes, minningarsjóður. Sjóðurinn er stofnaður í minningu hjónanna Jóns Sigurðssonar verslunarmanns, sem fæddist 26. ágúst 1922 og lést 6. nóvember 2002 og Kristínar Sigtryggsdóttur er fæddist 5. mars 1931 og lést 30. júlí 2010. Jón og Kristín stofnuðu verslunina Straumnes og ráku til fjölda ára. Sjóðurinn er stofnaður af Straumnesi ehf., kt. 621176-0649.

### 2. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er að fjárhæð kr. 2.500.000 í reiðufé, sem stofnandi leggur sjóðnum til sem stofnfé við stofnun hans.

Stofnfé sjóðsins mun verða ávaxtað samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Ávöxtun stofnfjár ásamt öðrum framlögum og styrkjum sem sjóðnum áskotnast verður ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins eins og hann birtist í 4. gr. skipulagsskrárinnar.

Ráðstöfunartekjur sjóðsins eru vaxtatekjur og annar arður af stofnfé og annað fé sem sjóðnum kann að áskotnast. Sjóðurinn veitir viðtöku hvers konar gjöfum og framlögum frá einstaklingum, fyrirtækjum og félögum.

Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum og setur sér frekari úthlutunarreglur.

Engin sérréttindi í sjóðnum tilheyra stofnanda hans.

### 4. gr.

Megintilgangur sjóðsins er að stuðla að og styrkja íþróttar-, menningar-, heilbrigðis- og góðgerðarstarfsemi á Íslandi. Markmiðum sínum hyggst sjóðurinn ná með því að veita styrki til einstaklinga, félaga, félagasamtaka og samfélaga af ýmsum toga sem vinna samkvæmt tilgangi sjóðsins að mati stjórnar.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum. Stofnandi sjóðsins skal tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn í lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár.

Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur um störf sín og skiptir með sér verkum. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins, tekur ákvarðanir um rekstur sjóðsins og hvernig markmiðum hans sé best náð.

### 6. gr.

Sjóðurinn skal hafa sjálfstæðan fjárhag og kennitölu og skal stjórn sjá til þess að bókhald sjóðsins verði fært. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrsta reikningstímabil sjóðsins er frá stofnun og til næstu áramóta. Stjórn sjóðsins kýs löggiltan endurskoðanda eða skoðunarmann sjóðsins og skulu reikningar lagðir fyrir stjórn sjóðsins sem sendir þá Ríkisendurskoðun í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

### 7. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna og staðfestingu sýslumanns. Samþykki allra stjórnarmanna og staðfestingu sýslumanns þarf til að leggja sjóðinn niður. Skal eignum hans þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

### 8. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Nr. 965

5. september 2023

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 5. september 2023,*

**Björn Hrafnkelsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrimsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfudagur: 19. september 2023